

FIRST WATER HF.

TILLÖGUR OG GREINARGERÐ STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR FIRST WATER HF.

Stjórn First Water hf. leggur fram eftirfarandi tillögur á aðalfundi félagsins, sem haldinn verður kl. 16:00, þann 4. júní 2026

3. DAGSKRÁRLIÐUR

Staðfesting ársreiknings

Stjórn gerir þá tillögu um að ársreikningur félagsins líkt og hann var samþykktur af stjórn þann 9. apríl sl. verði samþykktur.

* * *

3. DAGSKRÁRLIÐUR

Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap og um framlög í varasjóð

Stjórn gerir þá tillögu að tapi af rekstri félagsins vegna ársins 2025 verði ráðstafað með þeim hætti sem greinir í ársreikningi félagsins. Þar sem tap var af rekstri félagsins þá verða engin framlög í varasjóð.

* * *

Kjör stjórnar og varastjórnar og endurskoðenda félagsins

4. STJÓRNARKJÖR

5. DAGSKRÁRLIÐUR

Kjör endurskoðenda félagsins

Stjórn leggur til að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfirma félagsins og Guðmundur Ingólfsson verði endurskoðandi félagsins.

* * *

7. DAGSKRÁRLIÐUR

Ákvörðun um greiðslur til stjórnar og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Greiðslur til stjórnar

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 800.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn fá kr. 400.000 á mánuði

Greiðslur til endurskoðanda

Stjórn gerir tillögu um að endurskoðanda félagsins skuli greitt samkvæmt framvísuðum reikningi.

* * *

8. DAGSKRÁRLIÐUR

Stjórn gerir þá tillögu að starfskjarastefna félagsins sem samþykkt var á aðalfundi 2025 verði samþykkt óbreytt.